

TÍMAHYLKIÐ

TÍMAHYLKIÐ Í TÍÐ KÓRÓNUNNAR



TÍMAVÉL FRAMTÍÐAR?

Svolítið skráttin vika

ARNEY ÓSK ARNARDÓTTIR
NEMANDI Í 8. BEKK

Krakkarnir hafa verið að skrifa dagbók, stundum fyrir heila viku, stundum dag fyrir dag og stundum taka þau saman nokkra daga. Arney Ósk Arnardóttir var til í að leyfa okkur að nota hennar dagbókarskrif í Timahylkið og hér er síðasta vika hjá henni:

DAGBÓK

Mánud. 23. mars – föstud. 27. mars 2020

Þessa viku lék ég við Sveindísi og við gerðum kókoskútur og horfðum á sjónvarpið. Ég fór líka út að renna með Össu uppi í Heiðarholti og það var mjög bratt en ekki það hættulegt. Ég fór í fyrsta online danstímaminn sem var allt í lagi en netið var að stríða mér og náði þá ekki að gera allar æfingarnar. Það var alþjóðlegi vöflur dagurinn á miðvikudaginn og við gerðum vöflur í skólanum. Þær voru ágæt. Þegar ég kom heim fórum við í göngutúr með Friðriki Erni, svo fórum við að skoða parket og málningu. Þessi vika er búin að vera svolítið skráttin en ég er ekki það stressuð. Ég vona að allir sem ég þekki sem eru í áhættuhópi séu að passa sig og ekki að taka neinar áhættur.



FEGURÐIN Í HINU SMÁA. LJÓSMYNDARI: HERDÍS LILJA

Allir þurfa að borða!

ÓLAFUR MÁR ÞÓRISSON
KJARNAFÆÐI

Nokkrar breytingar út af Kórónuveirunni hafa að sjálfsögðu orðið á starfsemi Kjarnafæðis. Stærstu breytingarnar eru samskipti á milli allra deilda innan veggja fyrirtækisins. Fyrir var hreinlæti og handþvottur afar mikilvægur og því er breytingin þar ekki svo mikil. Nú hinsvegar kemur það fyrir að fólk milli deilda hefur ekki séð hvort annað síðan við byrjun samkomubanns. Það er auðvitað miður!

Auðvitað er það svo að það eru miklu fleiri frá vegna veikinda, sóttkví eða hreinlega skólalokana en áður. Það er ábyrgur hluti þess að glíma við veiruna að taka engar áhættur að smita samstarfsfólk sitt. Við höfum samt sem betur fer ekki hingað til þurft að segja upp starfsfólki en hvort grípa þurfi til minna starfshlutfalls verður að koma í ljós.

Hinsvegar eru ekki bara ókostir sem fylgja þessum breytingum. Allir þurfa að borða og þá er gott að vera í þeirri atvinnugrein sem sér landsmönnum fyrir matvælum. Sem betur fer er það talið nærri öruggt að Covid-19 veiran smitast ekki með matvælum og með miklu og ströngu hreinlæti ættum við að geta útilokað þá áhættu.

Þá hefur verið hægt að gefa sér tíma til að gera sumt sem áður sat á hakanum, verkefni sem krefjast þess ekki að vera í miklum samskiptum koma í stað þeirra sem kröfðust áður líkamlegra samskipta. Svo þegar kemur að morgunverðarhlaðborðinu og hádegismat þá eru líka kostir. Áður þurftum við að smyrja sjálf en nú fáum við brauðið allt smurt til okkar á morgnana og matnum er skammtað í hádeginu sem er bara hið besta mál.

Í ÞESSU BLAÐI

**FYRIRSÁT Í SKJÓLI
NÆTUR**

**KÓRÓNAN NÆR INN
Í LEIK BARNANNA**

**RAUNIR
RISAEDLU**

Við förum kannski bráðum að óma

KVEÐJA FRÁ TJÖRNUM, BETA OG GUÐFINNA

Smá fréttir af því hvernig við á Tjörnum högum dögum hjá okkur á þessum skrytnu Covid 19 tímum.

Í fyrsta og öðrum bekk er gott að fréttu, við reynum gjarnan að hafa hugleiðslu eða núvitundaræfingar einu sinni á dag, styttest sennilega í að við förum að óma.

Nemendum gengur vissulega mis vel að fylgja fyrirmælunum sem Beta leiðir þau áfram með en þeim fer sannarlega fram engu að síður, Guðfinnu gengur þó best að ná að fylgja leiðsögninni og slakar best á.

Við erum að vinna með söguna Að temja drekann sinn og horfðum líka á myndirnar, svo vinnum við ýmiskonar lestrarverkefni út frá efninu og höfum æft okkur sérstaklega vel í að greina á milli B og D í orðum og æfðum okkur m.a. að búa stafina til með okkur sjálfum eins og sjá má á myndunum sem fylgja.

Við erum líka alltaf að æfa okkur að skrifa og á hverjum degi skrifum við eitt gott heilræði.

Krakkarnir fara líka af og til í textíl- og myndmenntarstofuna til Ásrúnar og gera eitthvað sérstaklega skemmtilegt og skapandi, nú hafa m.a. páskaungar litið dagsins ljós.

1.2. 5. og 6. bekkur fer alltaf saman í útivist, við höfum farið í eina fjöruferð og svo erum við ýmist austan við skólann eða vestan og förum í ýmsa leiki; fótbolta eða aðra boltaleiki, snú snú, hjólum þegar viðrar vel og fákarnir fá að koma með í skólann, krítum eða annað, alltaf nóg að gera og hressir alla við að fara út.

Svo sjáum við af og til einhverja aðra á ferðinni að viðra sig, í gær sáum við Tátu (sveitarstjórátíkina) koma á „fleygiferð“ og Björgu á ekki minni ferð á eftir að reyna að ná henni, skemmst frá því að segja að það tókst hjá henni á endanum.



Krakkarnir búa til stafina úr þeim sjálfum.

Fjarfundur í Valsárskóla

SVALA EINARSDÓTTIR KENNARI

Nú eru allar aðstæður breyttar hér sem annarsstaðar og starfsfólk skólanna hittist mjög takmarkað. Í Valsárskóla "hittumst" við alla daga á fjarfundi eftir að skóla lýkur hjá krökkunum. Þar förum við m.a. yfir hvernig dagurinn gekk, deilum hugmyndum og förum yfir hvað það er sem við þurfum að bæta í skipulaginu. Menntu eru mis skýrir á þessum fundum og talið er að nettenging skólans hafi þau áhrif.

Komið hefur fyrir að fólk hefur staðið frammi á gangi, hver á sínu svæði og náð stuttum stofugangi með rúmlega góðu bili milli allra aðila. Það getur verið spaugilegt að sjá þegar maður áttar sig á myndinni. Í gær sat ég t.d. úti í glugga á efri hæð norðurenda og spjallaði við starfsfólk af leikskólanum sem var að fara heim. Þar var sko passað uppá að yrði engin skörun milli hópa og kallast á úti á plani.

Krakkarnir láta flestir vel af sér en það er eitthvað mismunandi eftir aldri hvernig þau skynja veröldina á þessum tímum. Enn sem komið er kunna þau að meta breytinguna sem hefur orðið á skólatímanum og við pössum uppá að hlúa að þeim og hafa skólann sem góðan griðarstað fyrir þau.



Fyrirsát í skjóli nætur

ANNA HEIÐUR ODDSDÓTTIR UMSJÓNARMADUR VINABORGAR

Ég veit ekki um ykkur en stundum get ég tæpast að mér gert að slá á léttu strengi á þessum síðustu og verstu. Þó geri ég mér fulla grein fyrir að þessi hryllilega veira er ekkert skemmtiatriði. Til dæmis lenti ég í því, þegar ég var á vappinu í myrkrinu heima eina nóttina, að eitthvað hræðilegt skaut kollinum upp úr hrúgu af þúðum í sófanum. Mér fannst þetta einna helst líkjast Kórónu og hrökk heldur betur í kút.

Fyrirbæri þetta virtist einmitt kringlótt og var með langa anga, sem sveifluðust út í loftið.

Þegar betur var að gáð, eftir að ég hafði jafnað mig á mesta sjokkinu, reyndist þarna vera á ferðinni maríubjölluhatturinn, sem ég var með á hausnum í skólanum á öskudaginn. Það lá við að ég henti honum í ruslið í fátí mínu en hugsaði mig svo betur um. Var ekki þarna komið tákni um allt, sem er ekki hin illræmda Kóróna? Maríubjalla hin fagra. Stóru augun hennar, sem óttaslegin megnuðu þó að stafa frá sér ást og kærleika, umhyggju og hugrekki –

því sem við þurfum nú svo mjög á að halda - horfðu á mig æðrulaus og hún hvíslaði lágt: Ég stend með þér alla leið. Stendur þú með mér?



Nýjar fréttir af sveitarstjóratíkinni

Hanna Dóra skrifar:

Hér er hægt að sjá sveitarstjórahundinn á fyrsta degi í aðlögun í Leikskólanum. Þar sem Björg er framlínustarfsmaður verðum við að taka að okkur hundinn og hefur hann fengið heilsdagspláss og byrjar í dymbilviku. Ólyginn sagði mér að Hanna, Hjördís og Dilla muni passa hann, þar sem þær eiga ekki svo ung börn.



Björg skrifar:

Og svo eru nýjustu fréttir af sveitartjóratíkinni, hún er komin í aukavinnu, var á leikskólanum í gær með elstu krökkunum í útiveru og gerði mikla lukku, stakk mig svo af í morgun og ég fékk mynd af henni þar sem hún var komin í fótbolta með krökkunum í grunnskólanum

Ertu ekki að gleyma einhverju?

ANNA HEIÐUR ODDSDÓTTIR
UMSJÓNARMAÐUR VINABORGAR

Hér á heimilinu er líka tík – reyndar tvær tíkur, systurnar Ísidóra og Melkorka. Þær eru “Siberian retrievers” - og yfirleitt mjög stilltar og góðar. Melkorka á það þó til að vera ansi skrafhreifin og heldur stundum heilu ræðurnar um hugðarefni sín. Þá heyrir mér hún tala sitt sérstaka tungumál og finnst ég frekar vera í návist manns en hunds. Ísidóra er dulari og lætur ekki eins mikið uppi um tilfinningar sínar. Þrátt fyrir það kemur þeim systurum mjög vel saman. Vinalegar og yndislegar eru þær báðar með afbrigðum, mannblendnar og friðelskandi.

Ég hef heyrt að gæludýr, líkt og börn, finni oft á sér að fólkið þeirra er áhyggjufullt. Ekki hef ég orðið vör við þetta hjá tíkunum. Melkorka hefur ekki minnst einu orði á ástandið, mér heyrir hún aðallega tala um mat eins og venjulega. Hún fylgist með mér þegar ég geri pöntun til Nettó og hefur upp raust sína ef hún sér að ég hef gleymt að setja hundanammi á listann. Rekur nefið látlaust í olnbogann á mér þar til ég hef gert bragarbót á. Ísidóra segir bara “no komment”, eins og hennar er von og vísa.



Er einhver með heimilisdýr sem hefur sýnt merki um kvíða síðan faraldurinn byrjaði? Fróðlegt væri að fá nokkrar línur um það á anna.heidur@svalbardsstrond.is ásamt mynd af dýrinu.



Kórónan nær inn í leik barnanna

DÝRLEIF SKJÓLDAL
DEILDARSTJÓRI Í ÁLFABORG

Í dag voru 3 ára börnin að leika sér í frjálsum leik. Það hefur oft verið sagt að börn leiki sinn veruleika og því leika börn á stríðshrjádum svæðum stríðsleiki á meðan íslensk börn í mömmuleik tala bæði í farsíma og laga til. En í dag hófst mömmuleikurinn á hefðbundinn hátt, dúkkur sóttar og börnin skipuðu sér í hlutverk mömmu, pabba, kisu og hundsins. Þau fengu líka hús undir borði og svo hófst leikurinn en eftir skamma stund fór pabbi út í

búð og þá datt hann niður og var orðinn veikur. Mamma og hundurinn breyttust þá í sjúkrafólk sem tók í fæturna á honum og drógu hann inn í húsið, sem var orðið að sjúkrahúsi. Og það var ekki að spyrja að því, þessi pest breiddist hratt út líkt og covid-19 og þau veiktust eitt af öðru og voru dregin í hús. Sem betur fer starfaði þar læknir sem læknaði alla og út fóru þau, en þar sem þetta var skæð pest þá veiktust þau jafnharðan aftur.

Það er greinilegt að þetta nær inn í leik barnanna þó við séum ekki sérstaklega mikið að tala við þau um veikindi og slíkt.



Krummarnir í Álfaborg uppi í kastala (úti á svölum) að syngja. Þetta er hugsað í anda þess að söngfólk um allan heim er að syngja af svölunum fyrir fólk á götunni og söngvarar Íslands eru að syngja fyrir utan hjá gamla fólkinu. [Hér má sjá myndband.](#)

Helgistundir á facebook

SR.GUNNAR EINAR STEINGRÍMSSON
SÓKNARPRESTUR Í LAUFÁSPRESTAKALLI

Þessir dagar, vikur og mánuðir eru vissulega ótrúlega skrytnir tímar, í raun ótrúlegir, og sjálfum finnst mér eins og ég sé staddur í einhverri framhaldspáttaröð á Netflix!

Ég flutti í Laufás, frá Noregi, þann 15.janúar þegar ég tók við stöðu sóknarprests í Laufásprestakalli og þá þegar höfðu byrjað að berast fregnir af kórónavírusnum Covid-19 sem var byrjaður að herja á fólk. Því má segja að á þessum stutta tíma sem ég hef verið sóknarprestur hér þá hef ég ekki ennþá upplifað það að vera prestur hér á svæðinu í „eðlilegum aðstæðum“! Því áður en áhrifa vírussins fór virkilega að gæta hér þá höfðu geysað miklir vetrarstormar, stórhrið eftir stórhrið, og mikil ófærð. Og í raun er það þannig ennþá, því í nótt (aðfaranótt 2.apríl) var stórhrið hér á svæðinu. Norðan stormur og snjóköma.

Síðan ég kom þann 15.janúar þá náði ég aðeins að hafa eina messu og eina kyrrðarstund í kirkjunni á Svalbarði áður en samkomubann var sett á.

Þess vegna hef ég brugðið á það ráð að útbúa, tvisvar sinnum í viku, myndband með stuttum helgistundum og hef lagt það út á síðu Laufásprestakalls á samfélagsmiðlinum Facebook. Þessar helgistundir hafa fengið mikið áhorf og ég hef fengið töluverð viðbrögð frá fólki, og allt jákvætt. Sunnudaginn 29.mars var svo send út á Facebook helgistund sem var sameiginleg með Akureyrarkirkju, Gleráarkirkju og Svalbarðskirkju.

Á hverjum degi legg ég einnig út á Facebook eitt biblíuvers og stundum eina litla bæn með. Ég hef einnig fengið gríðarlega góð viðbrögð við þessu. Ég held nefnilega að á þessum „viðsjárverðu“ tímum, þá leita ótrúlega mörg í trúna og í raun miklu fleiri en við höldum. Og af hverju? Jú, því að fólk finnur þar eitthvað traust, ró og frið. Einmitt vegna þess að bæði vetrarstormar og þessi Kórónavírus er eitthvað sem við mannfólkið náum ekki að stjórna, og þá leita margir til einhvers sem „hugsanlega“ hefur meiri mátt en við sjálf. Og fyrir mörg okkar þá er það einmitt Guð. Já, þegar við finnum vanmátt okkar sjálfra, þá er gott að geta leitað til einhvers sem er okkur stærri og meiri.

Fermingarfræðsla fer fram með þeim hætti að ég sendi tölvupósta til fermingarbarna með lesefni og verkefnum sem þau svo skila mér tilbaka í tölvupósti. Fermingum vorsins hefur verið frestað, og mun fermingarmessa í Svalbarðskirkju vera þann 16.ágúst.



Sem betur fer hef ég aðeins þurft að hafa eina jarðarför á þessum tíma (á Grenivík). En framkvæmd hennar var þannig að aðeins 20 manns voru til staðar í kirkjunni. Athöfninni var útvarpað þannig að öll þau sem vildu vera með gátu því setið heima, eða í bílnum, og hlustað á athöfnina í útvarpinu. Hinn látni var síðan brenndur, og verður askan sett niður í kirkjugarðinn í vor/sumar og þá verður hugsanlega haldin erfidrykkja.

Engar skírnir eða brúðkaup hafa verið eftir að samkomubann var sett á.



Á hverjum degi núna í 10 daga hef ég verið í einhverri af kirkjum prestakallsins klukkan 12.00 á hádegi og hringt kirkjuklukkunum í 3 mínútur. Síðan hef ég farið fyrir altarið og lesið stuttan biblíutexta, beðið bænar og farið með Faðir vor.

Þetta er sameiginlegt verkefni Þjóðkirkjunnar, þar sem prestar og starfsfólk biðja fyrir landi og þjóð og veröld allri. Á sama tíma getur fólk heima einnig sameinað hugi sína í bæn þegar það heyrir í kirkjuklukkunum.

Annars eyði ég stærstum hluta vinnudagsins í símanum. Ég hringi mikið í fólk í prestakallinu. Sérstaklega þau sem eldri eru og þau sem eru ein. Það er nefnilega mikið um það að fólk er, eðlilega, óttaslegið og hefur áhyggjur.

Svona eru nú dagar sóknarprestsins á þessum skrytnu tímum.

Mig langar til þess að enda þennan hluta Tímahylkisins á orðum úr spádómsbók Jesaja, kafla 41 vers 10: *Óttast eigi því ég er með þér, vertu ekki hræddur því ég er þinn Guð. Ég styrki þig, ég hjálpa þér, ég styð þig með sigrandi hendi minni,*

Með bestu kveðjum og ósk um Guðs blessun.

Sr.Gunnar Einar Steingrímsson
Sóknarprestur í Laufásprestakalli

Lítill skotta kemur færandi hendi

BJÖRG ERLINGSDÓTTIR
SVEITARSTJÓRI

Á laugardaginn síðasta, var bankað varfærnislega á útidyrnar í Laugartúni 6b og þar var Andrea litla þriggja ára nágrannakona mín mætt með fallegan poka með sér. Foreldrarnir fengu að fylgja með en þessi litla skotta var mætt með gjöf handa mér - nýsteiktar kleinur. Og nú er búið að hita kakó og smakka ljúffengar kleinur. Takk fröken Andrea - þér verður boðið í kaffi þegar óværan gengur yfir.

Hún Andrea litla býr svo vel að eiga hér á Svalbarðseyri mömmu, ömmu, langömmu og langalangömmu. Sem sagt fimm ættliðir kvenna sem búa hér, allar vottaðir snillingar. Fáheyrnt að börn búi við annað eins ríkidæmi.



Raunir Risaeðlu

HANNA DÓRA INGADÓTTIR
STARFSMAÐUR ÁLFABORGAR



Það hefur geisað kaffistofu krísa hér innanhúss um nokkurt skeið. Ég er svo gömul í starfi að ég geng undir nafninu "risaeðlan" - ég er útdauð. Ég man þó tímana tvenna í kaffistofumálum. Fyrsta kaffistofan var í einu rými. Það var frekar stórt og þar voru borð og voldugir ullarbólstraðir stólar, ég held frá Valbjörk, og best gæti ég trúað að þeir hafi verið frá þeim tíma þegar Bjóssi bróðir var að læra húsgagnasmíði þar. Í þessu rými var líka fatahengi starfsfólks, vinnuástaða, eldunaraðstaða og uppvas. Þetta var dæmalaust góður staður og var svona eins og "hjartað" í starfseminni. Ég veit ekki um vinnufriðinn. Þarna funduðum við, lögðum línurnar og þarna gerðist bara allt. En Adam var ekki lengi í Paradís. Það þurfti að byggja við og breyta og við fengum sér vinnuherbergi, sér eldhús og þessa fínu kaffistofu, með útsýni yfir fjörðinn og á glæsilegu vesturfjöllin. Þetta var lúxus dæmi og gott að skilja allt að, eða hvað? Það er spurning, þetta með "hjartað".

Við vorum eins og Ísak óánægði varðandi kaffistofuna. Sófinn var óþægilegur, stólarnir harðir,

borðið skrítið og lítið, kaffifyla þar inni eftir að fullbúnasta sjálfsupphellingarkannan kom með kakói og öllu. Þungt loft, mygla í gluggum, hávaði frá börnum - þetta var ekki vinsælasti staðurinn í húsinu og að lokum var nýja fína kaffistofan orðin full af dóti. Hún nýttist best sem geymsla.

Það fóru nú flestir að taka kaffipásuna sína inni á vinnuherbergi þannig að það var ekki nokkur friður til að vinna. Það örlandaði á smá "hjartslætti" þar um tíma. En þá fengu allir netið í símana sína og nú lítur ekki nokkur maður upp og vinnufriður ríkir.

Svo, öllum að óvörum, losnaði skólastjórnarstofan um óákveðinn tíma og þá fóru mýsnar að leika sér þegar kötturinn var ekki heima. Við bittuðum um herbergi. Færðum stjórnann í fúla og súra og sófann í stjórnastæðið. Við héldum samt starfsmannafund á undan til að ákveða þetta. Og nú keppast allir við að nýta og njóta meðan færi gefst.

En nú á dögum kórónu fáum við á Hreiðri ekki lengur að njóta. Það eru öngvir sófadagar hjá okkur lengur. Við megum ekki lengur fara fram. En OK, við fengum smíðastofuna. Ég var svolítið forvitin að komast þangað inn. Var búin að fylgjast með Einari og ég fékk svona á tilfinninguna að þetta væri einhvern veginn svona heilagur staður, sem bara hver sem er opnaði ekki. Í huga mér kom orðið Pandórubox.

Að opna Pandórubox var svona tilfinning sem ég fann fyrir, þegar ég fékk lykilinn að smíðastofunni. Burtséð frá þessu fjárans boxi þá var ég mjög ánægð og spennt fyrstu dagana í kórónuplaninu að fá að vera þarna inni. Þarna var búíð að koma fyrir borði og stólum og á borðinu var fullur konfektkassi frá Nóa-Sirius af stærstu gerð.

Hraðsuðuketill, uppþvottabursti, sápa, glös og bollar og netsambandslaus fartölva sem ég óskaði eftir... eee ég óskaði altsvo ekki eftir að hún væri netsambandslaus... ég er ekki netklár og ekki með net í síma...

en mig langaði að minnsta kosti í samband við umheiminn í kaffitímanum mínum. Ég fer nefnilega alltaf ein í kaffi. Við erum semsagt búnar að Hreiðra um okkur þarna.

Eftir því sem dagarnir líða, við erum nú á 14 degi í kórónufaraldurs skipulagi þá minnkar þrautseigjan og þolgæðið og konfektíð uppurið. Nú erum við farnar að sjá aðstæður í réttu ljósi. Hér er ekkert sætt og fátt merkilegt. Það er hreint eins og hrafn hafi dregið hingað inn allskonar drasl en inn á milli eru glitrandi gersemar. Okkar kaffistofa heitir HRAFNSHREIÐRIÐ og þangað er enginn velkominn. Því hún verður úr sögunni samstundis og þið mættuð stíga fæti þangað inn. En ykkur að segja svona í restina þá gúglaði ég Pandóruboxið og þannig var að hann Seifur sendi ástina sína hana Pandóru til jarðarinnar með öskju fulla af plágum og böli. Af eðlislægri forvitni opnaði Pandóra öskjuna og hleypti öllum plágunum út. Það eina sem eftir var í öskjunni var vonin. Það hefur verið opnað eitthvað Pandórubox nýlega í heiminum og það á ekkert skylt við smíðastofuna. Við höldum í vonina. Þetta líður hjá.



TÍMAHYLKIÐ Í TÍÐ KÓRÓNUNNAR

Vegna páskafrís kemur Tímahylkið ekki út á föstudaginn langa en alltaf geta allir íbúar Svalbarðsstrandar sent tölvupóst á anna.heidur@svalbardsstrond.is með hverskonar efni í blaðið - frásögnum, hugleiðingum, fleygum setningum, spakmælum, tilvitnunum, gátum, bröndurum, hugmyndum og ábendingum.

Allt sem tengist þessari béaðri Kórónu, eins og hún horfir við í nærsamfélaginu. Ekki gleyma myndum, ef hægt er að útvega þær. Þeir sem eru meira fyrir hina myndlegu hlið tilverunnar geta látið duga að senda mynd með myndatexta.

Gleðilega páska ♡

SVALBARÐSSTRÖND

"Fallegt hugarfar og gott hjartalag haldast í hendur"

Hugmyndir sendist á anna.heidur@svalbardsstrond.is

